

## FUNDARGERÐ

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

Haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2025 kl. 14:00

Stefán Þór Eysteinnsson formaður heilbrigðisnefndar Austurlands setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tilnefndur til fundarstjóra var Valdimar O. Hermannsson og Ólöf Vilbergsdóttir var tilnefnd til fundarritara. Ekki komu fram aðrar tillögur og töldust þau þar með rétt kjörin.

Fundarstjóri fór yfir að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við samþykkt byggðasamlagsins. Hann kallaði eftir því hvort gerðar væru athugasemdir við lögmati fundarins eða boðun hans. Engar athugasemdir komu fram. Fulltrúar tók þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað. Áður en að gengið var til dagskrár var farið yfir fjölda atkvæða og nöfn viðkomandi fulltrúa sveitarfélaga, skv. eftirfarandi.

Sveitarfélag	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2025	Fulltrúar á aðalfundi 2025
Vopnafjarðarhreppur	3	Valdimar O. Hermannsson
Fljótsdalshreppur	1	Halla Auðunardóttir
Múlaþing	16	Helgi Hlynur Ásgrímsson og Jónína Brynjólfsdóttir
Fjarðabyggð	16	Jóna Árný Þórðardóttir
Hornafjörður	8	Valdís Ósk Sigurðardóttir

Aðrir sem sátu fundinn án atkvæðisréttar voru: Stefán Þór Eysteinnsson formaður heilbrigðisnefndar Austurlands, Lára Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri HAUST og Ólöf Vilbergsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá HAUST.

### Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- Skýrsla stjórnar fyrir árið 2024
- Ársreikningur 2024
- Umræða um liði 1 og 2
- Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
- Gjaldskrá HAUST
- Umræður um liði 4 og 5
- Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits
- Tillaga að breytingu á stofnsamþykkt
- Önnur mál

## 1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2024

Stefán Þór Eysteinnsson flutti skýrslu stjórnar og fylgir skýrslan fundargerðinni.

## 2. Ársreikningur 2024 lagður fram

Lára Guðmundsdóttir kynnti ársreikning 2024. Reikningurinn er endurskoðaður af KPMG. Ársreikningurinn var tekinn fyrir hjá heilbrigðisnefnd á fundi 21.10.2025 og þá afgreiddur til aðalfundar.

	Niðurstaða ársreiknings 2024	Áætlun 2024
Tekjur	100.864.672	98.503.799
Gjöld	98.733.138	98.513.997
<b>Niðurstaða</b>	<b>2.973.045</b>	<b>(10.198)</b>

## 3. Umræða um liði 1 og 2

Fundarstjóri gaf orðið laust. Til máls tóku: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Jóna Árný Þórðardóttir.

Lára Guðmundsdóttir og Stefán Þór Eysteinnsson svöruðu fyrirspurnum.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við ársreikninginn. Svo var ekki og skoðast hann því samþykktur samhljóða.

## 4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár

Lára Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun komandi starfsárs. Drög að henni voru samþykkt á fundi heilbrigðisnefndar 21.10.2025. Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir að tímagjald hækki um 9,4% og að íbúafraglag sveitarfélaga verði óbreytt eða 25%.

## 5. Gjaldskrá HAUST

Lára Guðmundsdóttir kynnti tillögu að breytingu á gjaldskrá HAUST. Tillagan gerir ráð fyrir ráð fyrir að upphæðir í nýrri gjaldskrá verði eftirfarandi:

Gjaldskrárbreytingar			
	Nr. 12/2025	Tillaga 2026	Breyting
Tímagjald	17.500	19.000	8,6%
Vatnssýni	34.000	35.500	4,4%
Önnur sýni	25.000	25.500	2,0%
Ný starfsleyfi	32.000	35.000	9,4%
Endurnýjuð starfsleyfi	24.000	25.000	4,2%

## 6. Umræður um liði 4 og 5

Fundarstjóri gaf orðið laust. Til máls tóku: . Halla Auðunardóttir, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Jónína Brynjólfsdóttir.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við fjárhagsáætlun. Svo var ekki og skoðast hún því samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væru við tillögu að breytingu á gjaldskrá. Svo var ekki og skoðast tillaga að breytingu á gjaldskrá, því samþykkt samhljóða.

## **7. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits**

Lára Guðmundsdóttir flutti erindi um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Opnað var fyrir umræður. Til máls tóku: Stefán Þór Eysteinnsson, Valdimar O. Hermannsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson.  
Lára Guðmundsdóttir svaraði fyrirspurnum.

## **8. Tillaga að breytingu á stofnssamningi**

Jónína Brynjólfsdóttir, varaformaður heilbrigðisnefndar Austurlands tekur til máls og leggur fram tillögu að breytingu á stofnssamningi byggðarsamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Opnað var fyrir umræður. Til máls tóku: Jóna Árný Þórðardóttir og Helgi Hlynur Ásgrímsson og Valdís Ósk Sigurðardóttir.  
Jónína Brynjólfsdóttir og Lára Guðmundsdóttir svöruðu fyrirspurnum.

Fundarstjóri kallaði eftir því hvort athugasemdir væri við breytingartillöguna. Svo var ekki og skoðast breytingar á 2. gr og 9.gr stofnssamningi byggðarsamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, því samþykkt samhljóða.

## **9. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:18.

Fundargerðina staðfesta Valdimar O. Hermannsson fundarstjóri og Ólöf Vilbergsdóttir fundarritari, með rafrænni undirritun.

## Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir árið 2024

Stefán Þór Eysteinnsson formaður Heilbrigðisnefndar Austurlands.

### Starf nefndar

Heilbrigðisnefnd Austurlands fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Flestir fundir nefndarinnar eru fjarfundir enda langt á milli nefndarmanna. Staðfundur nefndarinnar er einn á ári og hittist nefndin á staðfundi í október í Neskaupstað. Þar fengu starfsmenn HAUST ásamt nefndarmönnum kynningu á starfsemi Síldarvinnslunnar ásamt kynningu á þeirri fjölbreyttu starfsemi sem er að finna í Múlanum samvinnuhúsi.

### Starfsfólk og verkefni

Hjá Heilbrigðiseftirlitinu starfar öflugt og hæft starfsfólk. Á árinu 2024 störfuðu sex starfsmenn hjá HAUST í samtals 5,2 stöðugildum. Starfsstöðvar eru þrjár talsins, þ.e. á Egilsstöðum, Djúpavogi og Höfn. Lögð hefur verið áhersla á að fá hæft og vel menntað starfsfólk til starfa óháð staðsetningu og hafa starfsstöðvar heilbrigðiseftirlitsins verið opnaðar í samræmi við búsetu starfsmanna.

Á árinu 2024 voru 1.410 starfsstöðvar eftirlitsskyldar á starfssvæði HAUST og fóru starfsmenn í 639 reglubundnar eftirlitsferðir. Þá voru afgreidd 161 starfsleyfi, skráningar og tóbakssöluleyfi á árinu auk þess sem yfir 160 umsagnir voru afgreiddar af heilbrigðisfulltrúum á síðasta ári um skipulagsmál, rekstrarleyfi og aðaluppdrætti. Fjölgun umsagna um aðaluppdrætti endurspeglar aukið umfang verkefna og þá fjölbreyttu þjónustu sem heilbrigðiseftirlitið veitir.

### Fjárhagur

Rekstur heilbrigðiseftirlitsins hefur verið stöðugur undanfarin ár. Stefnt hefur verið að því að embættið standi undir kostnaði við lögbundin verkefni og að til séu fjármunir til bregðast við óvæntum útgjöldum án þess að þurfa að leita til sveitarfélagana eftir viðbótar fjármagni. Lögð er áhersla á að tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi standi undir eftirliti, á meðan íbúaframlag nýtist til annarra lögbundna verkefna sem heilbrigðiseftirlitinu er falið.

### Lagabreytingar og regluverk

Á árinu 2024 tók gildi endurbætt reglugerð um hollustuhætti. Þó nokkur óánægja hefur komið fram með tiltekna þætti reglugerðarinnar, enda er skýrt og samræmt regluverk grundvöllur fyrir fagleg vinnubrögð heilbrigðisfulltrúa. Hnykk var sérstaklega á auglýsingaskyldu tillagna að starfsleyfum sem sett var í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með breytingu nr. 66/2017 á lögnum. Þar með var gerð skýr sú krafa að auglýsa eigi tillögu starfsleyfis á sviði hollustuhátta í 4 vikur. Þar með hefur innleiðing Árórsarsamningsins, sem kveður á um aðkomu almennings að ákvörðunum um útgáfu starfsleyfa fyrir t.d. álver, kjarnorkuver, brennslustöðvar og áburðarverksmiðjur, verið yfirfært á snyrtistofur og skólahúsnæði. Með gildandi reglugerð nr. 830/2022 um skráningaskyldan atvinnurekstur, þar sem meðal annars hárgreiðslustofur eru skráningaskyldar hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd hefur myndast gríðarlegt ósamræmi á málshraða og útgáfu leyfa skyldra atvinnugreina.

Í júní voru drög birt í samráðsgátt um breytingu á reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur. Lagt var til að 23 flokkar atvinnureksturs myndu bætast við reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur. Sú breyting hefði leitt af sér aukið samræmi á málsmeðferð milli sambærilega atvinnugreinaflokka sem eru leyfisskyldir hjá heilbrigðisnefnd og hefði undið ofan af auglýsingakröfu sem sett var á fyrirtæki sem starfa á sviði hollustuhátta. Aðeins einn þessara flokka rataði í endanlega útgáfu reglugerðarinnar, sem hefur í för með sér að heilbrigðisnefndir, fyrirtæki og almenningur sitja enn uppi með ósamræmi og óskiljanlega auglýsingaskyldu í tilvikum sem ekki samrýmast tilgangi laganna.

### Starfsumhverfi

Þann 2. september sl. kynntu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra breytingar á fyrirkomulagi eftirlits í kjölfar birtingar skýrslu stýrihóps um opinbert eftirlit. Boðaðar breytingar fela í sér að

ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum verði færð frá heilbrigðiseftirlitssvæðum til Umhverfis- og orkustofnunar og ábyrgð á eftirliti með matvælum færast yfir til Matvælastofnunar.

Þessi áform stjórnvalda munu setja svip sinn á störf heilbrigðiseftirlitsins á komandi ári. Ljóst er að boðaðar breytingar geta haft í för með sér aukið álag á starfsmenn, þar sem óvissa um framtíð starfseminnar og stöðu starfsmanna hefur áhrif á starfsanda. Slíkar aðstæður geta valdið röskun á daglegu starfi, þar sem tími og orka fara í undirbúning og framkvæmd breytinga í stað hefðbundinna verkefna. Jafnframt má búast við aukinni áhættu á starfsmannaveltu og að nýráðningar verði erfiðari við slíkar aðstæður.

### **Lokaorð**

Stjórn Heilbrigðisnefndar Austurlands þakkar starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins fyrir faglegt og öflugt starf á liðnu ári og gott samstarf við sveitarfélög og fyrirtæki á svæðinu.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á skipulagi opinbers eftirlits telur nefndin brýnt að tryggja að heilbrigðiseftirlit á landsbyggðinni haldi áfram að vera nálægt íbúum, að þekking á staðbundnum aðstæðum nýtist við ákvarðanatöku og að gæði þjónustunnar verði ekki skert.

Nefndin mun áfram leggja áherslu á að starfsemin sé fagleg, skilvirk og í þágu íbúa á starfssæði HAUST.

Í lokin er bent á ársskýrslu Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem nálgast má á heimasíðu HAUST en þar má finna nánara yfirlit yfir störf og verkefni heilbrigðiseftirlitsins.

# Undirritunarsíða

Ólöf Vilbergsdóttir

Valdimar O Hermannsson